

Samningur um Evrópska  
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 113/98**  
**frá 27. nóvember 1998**

um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 53/98 frá 29. maí 1998<sup>(1)</sup>.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/6/EB frá 16. febrúar 1998 um neytendavernd að því er varðar upplýsingar um verð á vöru sem er boðin neytendum<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/6/EB fellir úr gildi frá 18. mars 2000 tilskipun ráðsins 79/581/EBE frá 19. júní 1979 um neytendavernd að því er varðar hvernig verð á matvælum er tilgreint<sup>(3)</sup> og tilskipun ráðsins 88/314/EBE frá 7. júní 1988 um neytendavernd að því er varðar hvernig verð á vörum öðrum en matvörum er tilgreint<sup>(4)</sup> sem eru hluti af samningnum og ber því að fella brott úr honum með gildistöku frá sama degi.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 30, 4.2.1999, bls. 56 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 6, 4.2.1999, bls. 273.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 80, 18.3.1998, bls. 27.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 158, 26.6.1979, bls. 19.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 142, 9.6.1988, bls. 19.

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 1. lið (tilskipun ráðsins 79/581/EBE) í XIX. viðauka við samninginn:

„1a. **398 L 0006**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/6/EB frá 16. febrúar 1998 um neytendavernd að því er varðar upplýsingar um verð á vöru sem er boðin neytendum (Stjtið. EB L 80, 18.3.1998, bls. 27).“

2. gr

Texti 1. liðar (tilskipun ráðsins 79/581/EBE) og 6. liðar (tilskipun ráðsins 88/314/EBE) falli niður með gildistöku frá 18. mars 2000.

3. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/6/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. nóvember 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins*.

Gjört í Brussel 27. nóvember 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

N.v. Liechtenstein

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner